

## Svar við fyrirspurn

**Viðtakandi:** Bæjarráð

**Efni:** Upplýsingar tengdar fyrirhugaðri starfsemi í húsnæði Farsældartúns

**Dags:** 31. október 2024

**Málsnúmer:** 202410416/-

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, bærarstjóri

### Efni:

Á 1644. fundi bæjarráðs þann 24. október sl. lögðu bæjarráðsfulltrúar D lista fram eftirfarandi fyrirspurn:

Þess er óskað að upplýst verði um eftirfarandi þætti:

- Upplýst verði um stöðuna á Skálatúnsreitnum.
- Upplýst verði hve lengi þetta tímabundna úrræði eigi að starfa, hvort von sé á að fleiri dagvistunarstofnanir eða stofnanir þar sem börn og unglingar dvelja til lengri tíma flytji í Skálatún áður en deiliskipulag og framkvæmdir hafa verið ræddar og samþykktar í stjórnarsýslunni hjá Mosfellsbæ.
- Einnig er beðið um að upplýst verði hvort það sé búið að ákveða að meðferðarheimilið Stuðlar eigi að flytja í heild sinni í Skálatún eins og mennta- og barnamálaráðherra hefur ítrekað fullyrt.

Bæjarráð samþykkti með fimm atkvæðum að vísa fyrirspurninni til bærarstjóra.

### Svar:

- Unnið er að gerð aðal- og deiliskipulagsbreytingar fyrir Skálatúnsreitinn og voru fyrstu drög kynnt í skipulagsnefnd 18. október sl. Á fundi skipulagsnefndar 1. nóvember sl. var jafnframt samþykkt að kynna og auglýsa til umsagnar og athugasemda skipulagslýsingu aðal- og deiliskipulags í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Verður tillagan m.a. kynnt í Mosfellingi og á vef Mosfellsbæjar auk þess lagði skipulagsnefnd til að haldinn verði kynningarfundur fyrir íbúa um uppbyggingu á Farsældartúni.

Skipulagi svæðisins er ætlað að styðja sem best við farsæld barna og á svæðinu verða byggingar sem munu hýsa aðila sem veita börnum, ungmenum og fjölskyldum þeirra þjónustu s.s. opinberar stofnanir, sérskóli, félagasamtök og sjálfstætt starfandi sérfræðingar. Í deiliskipulagi Farsældartúns verður gert ráð fyrir nýbyggingum sem eru sérhannaðar fyrir þá þjónustu sem þar á að veita og við vinnslu skipulagsins verður leitast við að greina staðarandann og sögu staðarins í samhengi við sögu Mosfellsbæjar. Áhersla er á að nýjar byggingar falli vel að umhverfinu og ásýndin taki tillit til þess staðaranda sem er á svæðinu. Markmiðið er einnig að nýta eins mikið af þeim húsakosti sem fyrir er í þágu starfsemi Farsældartúns. Líkt og fram

kemur í bókun skipulagsnefndar er markmið skipulagslýsingar fyrst og fremst að kynna fyrir íbúum og helstu hagaðilum áform skipulagsins, ferli og samráð.

2. Barna og fjölskyldustofa leigir eitt hús af sjálfseignastofnuninni Farsældartún undir starfsemi opinnar meðferðardeildar og er leigusamningurinn með sex mánaða uppsagnarákvæði. Það eru engin áform um frekari leigusamninga um sólarhringsstofnanir á meðan málið er í skipulagsferli.
3. Í þeim skipulagsdrögum sem liggja fyrir er gert ráð fyrir skrifstofum og sólarhringsstarfsemi í samræmi við samning Mosfellsbæjar og mennta- og barnamálaráðuneytisins um uppbyggingu á Skálatúnsreitnum í þágu barna og ungmenna. Á Skálatúnsreitnum er annars vegar gert ráð fyrir búsetuúrræðum fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda og hins vegar greiningar – og meðferðarúrræðum fyrir börn sem eru að kljást við ýmiss konar erfiðleika. Ekki er gert ráð fyrir að öll starfsemi Stuðla flytjist í Farsældartún, heldur einungis meðferðartengd starfsemi.

*Virðingarfyllt,  
Regína Ásvaldsdóttir*